
FUNDARGERÐ

Fundur: 102. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 18. apríl 2013, kl. 13:10-15:00
Fundarstaður: Landsnet, Gylfaflöt
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Stuðlar ársins 2012, gögn til Orkustofnunar.
3) Skráningarkerfi
4) Önnur mál.
a) Styttur virkur viðgerðartími
b) Skipting stuðla milli dreifbýli og þéttbýli
c) Breyting á skilgeingum gagnagrunns
d) Endurskoðun kostnaðar vegna skorts
e) Fróðleikur frá NextGen SCADA Europe 2013

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson, Landsnet
Rúnar Svavar Svavarsson, Orkuveita Reykjavíkur
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða
Egill Sigmundsson, HS Veitur
Erla Björk Þorgeirsdóttir, Orkustofnun
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka

EFLA: Ingvar Baldursson
Kolbrún Reinholdsdóttir

Landsnet: Anna Einarisdóttir

Fjarverandi: Egill Sigmundsson, HS Veitur
Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

102 fundur START hópsins.

- 1) Í byrjun fundar greindi Rúnar frá því að Benedikt Einarsson muni taka við sem fulltrúi OR í START hópnum.

Farið var yfir skráning truflana hjá veitunum. Síðasta ár var annasamt hjá Landsneti í skráningu truflana. Mætti tala um met ár í því sambandi og þyrfti að fara 20 ár aftur í tímann til að finna sambærilegt ár. Skráning hjá Landsenti gengur vel fyrir árið í ár, en skýrslur eru skráðar jafnóðum. Skráning hjá RARIK, OV, NO og OR er með hefðbundnum hætti. RE upplýsti að OV væri komið með ISO9001 vottun, og í

reglum er miðað við að skil á truflanaskýrslum væri lokið innan tveggja mánaða. Einnig nefndi hann að flutningur skýrslna yfir í START grunn hafi tekist vel.

- 2) Allar veitur fyrir utan HS Veitur og Rafveita Reyðarfjarðar hafa skilað gögnum til Orkustofnunar.

KR greindi frá því að búið væri að fara yfir truflanaskýrslur HS Veitur fyrir árið 2012 og á næstu dögum yrði gengið frá útreikningu stuðla.

EBP greindi frá gagnaskilagátt Orkustofnunar. Stefnt væri að því að innan árs fari öll gögn gegnum gagnaskilagátt OS. Það verða sendar sjálfvirkar áminningar og þangað munu veiturnar skila gögnum. Síðan er fyrirhugað að birta upplýsingar á vefsíðu OS.

GHG spurðist fyrir um skörun á upplýsingum til OS og Mannvirkjastofnunar. Fulltrúar veitna lýstu því að æskilegt væri að opinberir aðilar samræmi sína upplýsingaöflun.

Þegar truflun fer yfir 10 KM (kerfis mínútur) þá tilkynnir RARIK það til OS, en það hefur OR ekki gert ef truflun er í kerfi annarra. EBP skoðar þetta atriði.

- 3) IB spurðist fyrir um það hvort hugmyndir væru að viðbótum við START forritið. RSS nefndi úrvinnslu. IB nefndi það að bæta við forritið þeim möguleika að raða truflunum eftir umfangi skerðingar.

GHG spurðist fyrir um vefútgáfuna. IB svaraði að á meðan áhugi á vefútgáfu væri ekki meiri væru takmarkaðar breytingar á henni.

RE greindi frá því að OV væri einnig byrjað að skrá truflanir hitaveitna í saman kerfi og fyrir rafmagnshlutan. Þeir væru að þróa eigið kerfið.

- 4) Undir liðnum önnur mál var fjallað um 5 atriði.

a) *Styttur virkur viðgerðartími.* KRÁ fór yfir skráningu hjá notanda sem er með „óverulega“ notkun, t.d. upplýsingaskilti, sumarhús eða hesthús. Hér gæti verið um að ræða tilvik þar sem:

- i) Notandi gerði sér ekki grein fyrir truflun
- ii) Notandi samþykkir frestun á viðgerð, t.d. nýbygging

Til leiðbeininga við skráningu skýrslna hjá RARIK er notaður eftirfarandi texti:

„Ef samkomulag er við notandann um að ekki sé þörf á viðgerð strax heldur megi straumleysi standa telst frestunin ekki með sem hluti straumleysistíma. Sama á við ef viðgerð er frestað vegna þess að t.d. hús eru mannláus og engin notkun í gangi.

*Því á að stytta virkan viðgerðartíma.
Skerðing utan virks viðgerðartíma á ekki að telja með.“*

Umræða var um þetta atriði og voru fulltrúar veitnanna samþykkir túlkun KRÁ. IB og KR bentu á mikilvægi þess að tölfraði um raforkukerfið væri rétt og að skil á upplýsingum til Orkustofnunar ættu ekki hafa áhrif á tölfraðina.

b) *Skipting stuðla milli dreifbýli og þéttbýli.* Hjá RARIK eru skýrslur merktar í stofnkerfi, þéttbýli og dreifbýli. Skráning er skráð á dreifbýli og þéttbýli. RARK hefur breytt skáningarkerfi sínu þannig að við truflanir muni vera hægt að skrá skerðingu annars vegar skerðingu í dreifbýli og hins vegar í þéttbýli. Í einhverjum tilvikum munu útreikningar á KM (kerfis mínútum) verða önnur með þessum nýju upplýsingum en með „nálgunaraðferð“, sem hefur verið notuð hingað til.

c) *Breyting á skilgreiningum gagnagrunns.* Beiðni kom frá OV um að breyta skilgreiningum á töflum í grunni, það er að lengja þrjá dálka í einni töflu úr 10 og 25 táknum í 100 táknum. IB sagði það væri í lagi, en setti þó fram efasemdir um þörf væri að lengja dálk í töflu sem er lykildálkur töflu úr 10 táknum í 100.

d) *Endurskoðun kostnaðar vegna skorts.* KRÁ spurðist fyrir um stöðu mála. KR greindi frá vinnu í lok árs 2012. Fyrirhugað er að vinna meira í þessu á árinu.

RS ætlar að senda fyrirspurn á TSO hópinn, um þeirra aðferðafræði við að meta þennan kostnað.

e) *Fróðleikur frá NextGen SCADA Europe 2013.* IB sagði frá ráðstefnunni NextGen SCADA, atriðum sem tengjast truflanatölfraði.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 24. október 2013, hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur KRÁ / RARIK um stytur virkur viðgerðatími og útreikningar KM
- Glærur frá ráðstefnunni NextGen SCADA Europe 2013.

Verkefni:

| Umsjón | Verkefni |
|--------|---|
| EBÞ | Tilkynningar veitna á truflunum veitan sem eru > 10 KM |
| RS | Fyrirspurn á TSO hóp um aðferðafræði um kostnaðar vegna skorts. |